

Föstudaginn 19. október 1990.

Nr. 204/1990. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ármani Ármannssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 17. maí 1990. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur í sektarrefsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ármann Ármannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 153/1990: Ákærvaldið gegn Ármani Ármannssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. þessa mánaðar, á hendur Ármani Ármannssyni framkvæmdastjóra, Víðihlið 6,

Reykjavík, fæddum 2. mars 1949 í Reykjavík, „fyrir að aka, miðvikudaginn 15. nóvember 1989, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni R-9841 frá heimili sínu, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á afrein frá Bústaðavegi inn á Kringlumýrarbraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt refsingum sem hér segir:

— — —
[Ákærði undirgekkst 1967, 1968 og 1985 sektargreiðslu og ökuleyfissmissi tiltekinn tíma fyrir umferðarlagabrot, og 30. janúar 1989 var hann dæmdur í sekt og ökuleyfissviptingu 2 ár fyrir ölvunarakstur. Hann sættist 1985 tvisvar á sektargreiðslu fyrir að aka bifreið án ökuréttinda.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þegar litið er til þess, að hann hefur tvívegis áður orðið uppvís að sams konar broti, sem hann gekkst undir dómsáttir fyrir, dagana 23. júlí og 19. nóvember 1985, þykir óhjákvæmilegt að gera ákærða varðhaldsrefsingu, sem þykir hæfilega ákveðin 30 dagar.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnaðinn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ármann Ármannsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.
